

Skimanir, próf og íhlutun og eftirfylgd

Skimanir og próf í lestri eru samkvæmt stefnu Hafnarfjarðarbæjar í verkefninu „Lestur er lífsins leikur“. Lögð eru fyrir raddlestrarpróf frá Menntamálastofnun þrisvar sinnum á vetri, september, janúar og maí. Þetta eru ný stöðluð matstæki sem ætluð eru til að meta grunnfærni læsis þ.e. Lesfimi. Ennfremur eru tiltæk hliðarpróf til að meta nefnuhraða og lestrartækni. Stafsetningarpróf er væntanlegt. Eftir hverja prófalotu er unnin áætlun um íhlutun í skólanum og kallað eftir aðstoð foreldra.

Logoskimun er lögð fyrir í 3. 6. og 8. bekk.

Orðarún lesskilningspróf er lagt er fyrir í 3.- 8. bekk í september og janúar.

Leið til læsis er skimunarpróf sem er lagt fyrir í byrjun október í 1. bekk.

Skimun og eftirlit með námsárangri, forgangs Röðun sér- og stuðningskennslu

Ábyrgð og framkvæmd: Deildarstjóri sérkennslu hefur forgöngu og stýrir framkvæmd, úrvinnslu og eftirfylgni í samvinnu við sérkennara og umsjónarkennara viðkomandi bekkja. Þegar verið er að ákveða hvort nemendur fari í sérkennslu- eða stuðningstíma eru niðurstöður úr skimunum og prófum tengdum þeim höfð til hliðsjónar. (Nemendur með fatlanir og alvarleg frávík eru fyrir utan viðmiðin). Ávallt skal tekið tillit til annarra aðstæðna s.s. bekkjarstærðar og/eða annars stuðnings sem veittur er. Umsjónarkennarar og/eða sérkennarar leggja prófin fyrir.

Sérkennslan er ýmist innan eða utan bekkjar og er stuðningur við nemanda eða nemendahóp og skal ávallt vinna einstaklingsáætlun í samvinnu við foreldra ef vikið er verulega frá námsáætlun árgangsins og meta hana reglulega. Á yngsta stigi er áherslan á málörvun og lestur. Í einstaka tilfalli er veitt sérkennsla í stærðfræði í 2.-3. bekk. Á miðstigi er sérkennslan aðallega í íslensku (lestri og stafsetningu) og stærðfræði. Kennslan fer aðallega fram í litlum hópum eða námskeiðum (6-8 vikur). Á unglíngastigi er sérkennslan í íslensku og stærðfræði. Nemendur fara ýmist út úr bekk í lítinn hóp eða fá aðstoð inn í bekk. Samstarf sérkennara við foreldra er afar mikilvægt og veita þeir foreldrum, kennurum og stuðningsfulltrúum ráðgjöf við val á námsefni og þjálfun.

Nemendur með tilfinningalega erfiðleika og/eða hegðunarvanda eiga kost á óhefðbundnum stuðningi sem tekur mið af þörfum þeirra. Þar getur verið um að ræða auknar verk- og/eða listgreinar, hér er t.d. átt við hljómsveitir, hönnun og tæknimennt, félagsfærnihöpa, drengja- og stúlknaþópar í samstarfi við félagsmiðstöðina Ölduna, enn fremur KVAN verkefnið á miðstigi, sértæka vinnu með einstaklinga á öllum aldri í minni hópum að félagsfærni og sjálfstyrkingu eftir því hver þörfin er og hvaða einstaklingum nemendaverndarráð og eineltisteymi vísa til þessa úrræðis.

Nemendur með íslensku sem annað tungumál fá sérstaka íslenskukennslu meðan á þarf að halda. Þeir geta fengið undanþágu frá skyldunámi í dönsku (sjá Aðalnámskrá grunnskóla, 2011, bls. 78) en geta þá í staðinn fengið nám í íslensku eða eigin móðurmáli (ekki verið útfært enn).

Samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 9. bekk. Nemendur í 4., 7. og 9. bekk þreyta samræmd próf ár hvert. Þegar niðurstöður samræmdra prófa liggja fyrir hefur deildarstjóri sérkennslu forgöngu um greiningu á þeim í samvinnu við viðkomandi umsjónarkennara og deildarstjóra og er unnin áætlun um stuðning í viðkomandi grein í samvinnu við foreldra.

Lestrarskimun í 3., 6. og 8. bekk. Skimun með LOGOS lestrargreiningu. Prófaðir eru tveir þættir, lestur og lesskilningur, nemendur sem eru undir viðmiði (15. röð) eru líka prófaðir í lestri með hljóðaaðferð og lestri út frá rithætti. Umsjónarkennari og íslenskukennari gera viðeigandi ráðstafanir

varðandi kennslu og þjálfun á þeim atriðum sem þarfnast frekari þjálfunar í samvinnu við deildarstjóra sérkennslu, sérkennara og foreldra. Þeir nemendur sem eru undir ákveðnu viðmiði í niðurstöðum eru athugaðir nánar í samvinnu við forráðamenn. Ekki er þörf á að leggja skimunina fyrir börn sem nú þegar hafa greiningu um lestrarvanda eða hafa náð lesfimi viðmiði 2 á Lesferilsprófi árgangsins.

Lestrargreiningartækið LOGOS er notað í einstaklingsgreiningu á lestrarfærni nemenda. Í framhaldi af þeim niðurstöðum er nemendum vísað í frekari greiningu t.d. hjá talmeinafræðingi og/eða sálfræðingi ef ástæða þykir til.

Hljóðfærni er greiningarpróf sem ætlað er nemendum í 1. bekk grunnskóla sem teljast í áhættuhópi vegna lesblindu. Um er að ræða einstaklingspróf sem hefur það að markmiði að greina nánar hljóðkerfisvanda nemenda og bera saman við jafnaldra. Prófið er ítarlegt og tekur á mörgum þáttum hljóðkerfisvitundar, þar á meðal eru mörg verkefni sem greina hljóðavitund.

Leið til læsis er staðlað lesskimunarpróf fyrir 1. bekk. Prófinu fylgir ítarleg handbók um íhlutun eftir að niðurstöður liggja fyrir.

LOGOS er staðlað tölvutækt greiningarpróf sem er grundvallað á nýlegum rannsóknum á lestrarfærni. Logos hefur tvo prófaflokka: Annar er ætlaður nemendum í 3.-5. bekk og hinn nemendum í 6.-10. bekk og fullorðnum. Helstu hlutar prófsins eru: Lesskilningur, leshraði, hlustun og skilningur, hugtakaskilningur, umskráningarfærni og ýmsir undirþættir í umskráningarferlinum.

Orðarún – mat á lesskilningi er staðlað próf fyrir nemendur í 3. – 8. bekk grunnskóla. Prófið kannar hversu vel nemendur skilja meginefni textans og átta sig á staðreyndum, hvort nemendur geta lesið milli línanna og dregið ályktanir.

Talnalykill er greinandi próf í stærðfræði fyrir nemendur í 1.-7. bekk. Prófið er staðlað og er bæði hóp- og einstaklingspróf. Prófið skiptist í sjö megin þætti: Tölur, mælingar, stærðfræðiheiti, tölfræði, rúm- og flatarmál og algebra og jöfnur.

Ágúst 2018